

á varnarþingi sínu, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) í febrúar 1913 pantaði skófatnað hjá firmanu, hafi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz s. á., með orðunum »saa vidt muligt«, þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Sveins Björnssonar f. h. nefnds firma í þessu máli, og fellur málskostnaður niður, en vinni stefndi ekki eiðinn skal hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 25 aur. með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað með 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 50/1915.

A. Obenhaupt
gegn

Einari Þorgilssyni.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 23. júlí þ. á., var áfrýjandi þessa máls A. Obenhaupt umboðssali hér í bænnum, dæmdur til að greiða

stefnda, Einari Þorgilssyni kaupmanni í Hafnarfirði, 450 kr. með 6% ársvöxtum frá 11. marz þ. á. til borgunardags í skaðabætur fyrir riftingu á kaupum um 150 kassa af kandíssykri, og málskostnað 30. kr. Þessum dómi hefir A. Obenhaupt skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. júlí þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að fá sér dæmdan málskostnað, fyrir gestaréttinum að skaðlausu og fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Viðskifti málsaðila þau, er mál þetta er risið af, eru þannig til orðin, að 11. nóv. f. á. lét áfrýjandi stefnda vita, að hann gæti kann ske útvegað 800 kassa af kandíssykri í janúar, febrúar og marz, samtals 2400 kassa, cif á íslenzkar hafnir, sem skipin kæmu við á, gegn borgun fyrirfram undir eins og stefndi bæði um það, sem sé 3 vikum áður en vörurnar koma til Íslands. Samkvæmt þessu tilboði pantaði stefndi hjá áfrýjanda með símskeyti 13. nóv. 75 hálfkassa af rauðum kandíssykri í janúar, febrúar og marz 1915, samtals 225 kassa. Áfrýjandi krafði stefnda um borgun fyrir fyrstu sendinguna með svolátandi símskeyti dags. 27. jan.: »Þar eð þessir 75 kassar til yðar í janúar eru farnir af stað og eiga borgast núna einhvern daginn, leyfi eg mér að biðja yður að borga upphæðina 791 kr. 25 aura í seinasta lagi á laugardaginn kemur á skrifstofu minni«, og greiddi stefndi þessa upphæð 3. febr. Um næstu greiðsluna, fyrir febrúarsendinguna krafði áfrýjandi

stefnda 24. febrúar með svólátandi símskeyti: »Gerið svo (vel) innborga í dag fyrir kandísinn febrúar kr. 791,25«. og næsta dag, 25. febrúar staðfesti áfrýjandi þetta skeyti með bréfi til stefnda, en lét hann jafnframt vita, að með því að hann hefði eigi borgað þessa 75 kassa, er farnir væru af stað frá verk-smiðjunni, yrði hann (áfrýjandi) að afturkalla þessa pöntun ásamt marzpöntuninni. Stefndi var eigi heima í Hafnarfirði dagana 24. og 25. febr., en 26. febr. gerði hann ráðstöfun til, að áfrýjanda yrði þann dag greidd upphæðin fyrir 2. sykursendinguna, en áfrýjandi hafnaði borguninni af því eigi hefði verið greitt sama dag og hann krafði.

Við rifting áfrýjanda á kaupunum um 2. og 3. sykursendinguna, samtals 150 kassa, 25 kilogr. hvern að þyngd, alls 3750 kilogr. eða 7500 pund, taldi stefndi sig hafa farið á mis við verzlunarhagnað er næmi 6 aur. á hverju pundi sykursins, eða alls 450, kr. og var honum dæmd sú upphæð í skaðabætur hjá áfrýjanda.

Áfrýjandi litur svo á, að stefndi hafi eigi greitt eða boðið fram greiðslu fyrir 2. sykursendinguna í tækan tíma, og hafi áfrýjandi því haft rétt til að segja upp kaupunum, eigi aðeins á þeirri sendingu, heldur á 3. sendingu.

Hins vegar hefir stefndi haldið því fram, og undirdómarinn fallist á það, að eigi hafi eins og á stóð, verið um drátt að ræða, þó að greiðsla, sem áfrýjandi krafðist 24. febr. væri eigi framboðin fyr en 26. s. m. Telur hann fyrst til það, að honum hafi eigi verið skylt að greiða andvirði hverra send-

ingar fyr en 3 vikum áður en þær kæmu til Íslands, en engar sannanir eða líkur hafi legið fyrir um það, að 2. sendingin yrði komin til Íslands 3 vikum eftir 24. febrúar, enda hafi þá verið liðnar 4 vikur frá því er áfrýjandi krafðist borgunar fyrir 1. sendinguna, en hún þó enn ókomin. Þá tekur áfrýjandi það fram, að hann hafi haft ástæðu til að skilja svo kröfu áfrýjanda um borgun fyrir 2. sendinguna, að nægilegt væri að hún færi fram »einhvern daginn« eftir að krafan barst stefnda, því að þannig hafi krafan um borgun fyrir 1. sendinguna verið orðuð. Enn hefir stefndi bent á það, að þó að hann hefði verið heima og meðtekið kröfuskeyti áfrýjanda 24. febr., þá hefði honum eigi verið skylt að senda peningana öðruvísi en á venjulegan hátt með pósti, en þá hefði borgunin, þó að hún hefði verið afgreidd tafarlaust, eigi, eins og póstgöngum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarar er háttað, getað komið í hendur áfrýjanda fyr en 26. febr. sama daginn, sem stefndi bauð hana fram.

Orðin »sem sé 3 vikum áður en vörurnar koma til Íslands« í tilboði áfrýjanda 11. nóv. f. á. virðist eigi rétt að skilja svo, að með þeim hafi átt að til-taka ákveðinn eindaga á greiðslum fyrir sykurinn, með því ekkert vist varð um það vitað, hve lengi skip gætu tafist á leið hingað vegna ófriðarins, en eindaginn virðist, eftir því sem ráðið verður af máls-skjölunum, sbr. símskeyti 21. jan. og bréf 25. febr. frá áfrýjanda til stefnda, hafa verið miðaðar við það, hvenær sykurinn væri afgræddur frá útlöndum eða sendur frá verksmiðjunni, þannig að greiðslu varð

eigi krafist fyrir. — Það verður því að fallast á það, sem áfrýjandi heldur fram, að með hinum tilvitnuðu orðum hafi hann aðeins viljað ætlast á um, hve langur tími mundi liða frá því er borgunar væri krafist þar til er sykurinn kæmi hingað. Svo verður og að fallast á það, að orðin: »og eiga að borgast núna einhvern daginn« eigi ekki að koma hér til greina, enda virðist þessi orð eiga við greiðsluna frá áfrýjanda til hins útlenda seljanda, en ekki við greiðsluna frá stefnda til áfrýjanda.

Hins vegar er það ekki tekið fram í kröfuskeyti áfrýjanda 24. febrúar, að upphæðin skuli send símleiddis eða rakleitt sama dag né heldur hvað við liggi, ef það sé eigi gert. Það verður því að líta svo á, að kröfu áfrýjanda hefði verið fullnægt í tækan tíma, ef stefndi hefði sent borgun sama dag í ábyrgðarbréfi með pósti. Stefndi var, sem fyrir segir, eigi heima þann dag, né daginn eftir, en hann hefir gert það sennilegt, að upphæðin fyrir aðra sykursendinguna mundi eigi hafa komið í hendur áfrýjanda fyrir en 26. febrúar, þó að hún hefði verið send með pósti 24. febrúar. Jafnhliða þessu virðist það eiga að koma til álita, að áfrýjandi gat eigi, samkvæmt því sem fyrir segir, krafist stefnda um borgun fyrir sykursendingarnar fyrir en sykurinn væri sendur af stað frá útlöndum og að stefnda því eigi var skylt að greiða fyrir en áfrýjandi tilkynnti honum það. Slíka tilkynningu sendi áfrýjandi stefnda um 1. sykursendinguna um leið og hann krafðist greiðslu, og taldi það ástæðu fyrir kröfunni að sykurinn væri

Kominn af stað, sbr. símskeytið 27. jan. En í skeytinu 24. febr. var ekkert tjáð um þetta, og stefnda því ókunnugt um, hvort sykurinn væri afgreiddur frá seljanda, og var honum þá, að svo stöddu, eigi skylt að greiða andvirði þeirrar sendingar. Að visu tjáði áfrýjandi stefnda í bréfinu 25. febrúar að sendingin væri farin af stað frá verksmiðjunni, en í því bréfi sagði hann sig lausan frá pöntuninni, svo sem áður er getið.

Það verður eftir þessu að líta svo á, að eigi hafi neinn sá dráttur orðið á umsamdri greiðslu af hálfu stefnda, er honum verði sök á gefin, og að áfrýjanda því hafi verið óheimilt af þeirri ástæðu að segja sig frá kaupunum. Ber honum því að greiða stefnda skaðabætur og með því að enginn ágreiningur er um skaðabótaupphæðina, ber eftir kröfu stefnda að ákveða hana eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, 450 kr. með vöxtum eins og þar segir. Yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði dómsins og má því staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal óraskaður. Áfrýjandi A. Obenhaupt greiði stefnda Einari Þorgilssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar sju 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 61/1915.

Einar M. Jónasson og
Sigurjón Ólafsson
gegn

Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni
þeim sjálfum og

f. h. Landsbankans og
Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

D ó m u r :

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. sept. þ. á, uppboðsréttargerð Reykjavíkur á húseign hér í bænum, er fram fór 22. júlí 1911, og hafa þeir krafist þess, að uppboðsgerðin ásamt eftirfylgjandi afsali verði úr gildi feld, og að uppboðsráðandinn, hinn stefndi bæjarfógeti og hinir stefndu Landsbankastjórar verði sektaðir og dæmdir í hæfilegar skaðabætur; svo krefjast þeir og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu bankastjórar og bæjarfógeti hafa af annari hálfu krafist þess, principaliter, að málinu